



Banaslys 2.7.2006

Hof í Öræfasveit

Bífhjólaslys

Látinn 52 ára karlmaður

Tími sólarhrings: Dagur

Lýsing á slysi

Ökumaður bífhjóls ók austur hringveginn við Hof í Öræfasveit en missti stjórn á hjólinu og ók útaf hægra megin m.v. akstursstefnu. Ökumaður kastaðist af hjólinu og fórst. Þar sem slysið varð er hringvegurinn beinn, 8 metra breiður og bundinn olíumöl. Hámarkshraði er 90 km/klst. Vindasamt var þegar slysið varð, en bjart úti, vegurinn þurr og veggjón góð.

Á vettvangi voru fjarir á veginum til merkis um útafaksturinn, um 40 m löng frá vinstri til hægri. Þá voru fjarir í veggkanti, 11 metrar og rúmlega 103 metra fjarir eftir hjólið utan vegar. Heildarvegalengd vettvangs var 154 metrar.

Tildrög slyss eru rakin til þess að ökumaður bífhjólsins tók framúr bifreið sem ekið var á 90 km/klst. Ökumaður missir stjórn á hjólinu og fer það að rása á veginum. Hraði bífhjólsins gerði það að verkum að ökumaður náði ekki stjórn á hjólinu og ók útaf. Einnig hafði hliðarvindur áhrif.

Ökumaður bífhjólsins var vel búinn, klæddur Goretex bífhjólagafla og bífhjólaskóm úr leðri. Þá var hann með öryggishjál.

Bífhjólið var af gerðinni Buell XB12 R Firebolt og var skoðað af sérfræðingum. Í skýrslu þeirra kemur fram að tildrög slyss sé ekki að rekja til bilunar í bífhjólinu. Sérfræðingarnir gera athugasemd við öryggishjálminn, þar sem plastpinni sem hélt skygginu lokuðu brotnaði.

Niðurstöður áfengis- og lyfjaprófs ökumanns bífhjólsins voru neikvæðar.


Orsakagreining

Ökumaður ók of hratt og missti stjórn á bífhjólinu

Ökumaður fékk á sig vindhviðu eftir framúrakstur

Tillögur í öryggisátt

Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur að auka þurfi fræðslu í ökunámi og í áróðri til almennings um færðar, vinds og vindhviða á stöðugleika ökutækja. Í skýrslu verkfræðistofunnar Orions “Umferðarslys og vindafar” (2004) er tafla sem lýsir stöðugleika tveggja kyrrstærða ökutækja á vegi m.v. mismunandi færð og viðnám við vegg.



Ökumenn geta dregið úr hættu á því að ökutæki þeirra fjúki með því að aka miðað við aðstæður. Færð á vegi skiptir miklu máli þegar vindasamt er og eitt besta ráðið til þess að varna því að missa stjórn á ökutæki í hvassviðri er að draga úr ökuhraða. Stöðugleiki ökutækja eykst þegar dregið er úr ökuhraða.

17.10.2006

Rannsóknarnefnd umferðarslysa